

frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 23/1903:

Skúli Thoroddsen
gegn
Kristjáni H. Jónssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði ritstjóri Skúli Thoroddsen fyrir gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar gegn ritstjóra og ábyrgðarmanni blaðsins »Vestri« Kristjáni H. Jónssyni, út af meiðyrðum, er hann þóttist hafa orðið fyrir í nefndu blaði. Var það dæmt í héraði 30. okt. f. á., þannig, að orðin í átaldrí grein blaðsins: »Skúli telst til ferfætlinganna«, skyldu vera dauð og marklaus, en Kristján H. Jónsson að öðru leyti vera sýkn af kærnum og kröfum sækjanda Skúla Thoroddsens; málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefir ritstjóri Skúli Thoroddsen áfrýjað til landsyfirrættarins með stefnu 28. apríl þ. á. og krafist, að öll hin meiðandi og móðgandi ummæli, sem átalin eru í þessu máli af sækjanda í undirrætti, verði dæmd dauð og marklaus, að stefndi verði látinn sæta þyngstu sekt fyrir þau, og að hann verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hins vegar hefir hinn stefndi ritstjóri Kristján H. Jónsson krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði að öllu leyti staðfestur, og að áfrýjandi

verði dæmdur í málskostnað fyrir yfir- og undir-
rétti með einhverju eftir réttarins mati nægilegu.

Í 12. nr. »Vestra«, sem kom út á Ísafirði 25. jan. f. á., er grein með fyrirsögninni: »Feigðarflanið« og önnur grein er í sama blaða með fyrirsögninni: »Hver er gleiðastur«, sem áfrýjandi Skúli Thoroddsen álitur meiðandi og móðgandi fyrir sig bæði í heild sinni og sérstaklega þessi orð í fyrri greininni: »Eins og snöggskorinn kálfur« til enda orðanna: »klunnadi strjúpanum«, »Leynistjórn Valtýsku klikkunnar«, »höfuðþaurarnir hérlandu, sem segjast hafa verið kosnir . . . (réttara settir af Hafnardoktornum)«, »þurfti að finna upp eitthvert ráð til þess að eyðileggja og koma í veg fyrir það, að nokkuð annað betra gæti fengist . . . hvað svo sem landinu líði og þess þörfum«, »mætti yðar excellence þóknast« til enda orðanna: »heilán skaða en hálfan«; »hún er vön við«, »sveipa sig í húð af fölnu ljóni. Nú trúir þeim enginn. Eyrur sjást og yfirdrep og óhreinskilni gægist út um götin á ljónshúðinni. Tvískinnungurinn kemur upp um þá«; en í síðari greininni þessi orð: »Hann er þó alt af á sama bandi og Valtýr í pólitíkiinni«, til enda orðanna: »þá hlýtur hann að vera ferfættur«.

Hin fyrri grein er í heild sinni pólitísk deilugrein og er stíluð gegn hinum svonefnda valtsýska stjórnarflokki, en beinist ekki að áfrýjanda persónulega, eða gjörir athafnir hans eða framkomu sérstaklega að umtalsefni. Hún virðist því ekki vera þess edlis, að áfrýjandi geti gefið stefnda

sök á henni. Hin síðari grein er kýmnisgrein og er þar sagt um áfrýjanda, »að hann sé alt af á sama bandi og Valtýr í pólitíkinni«. Þessi orð eru að álitu réttarins hvorki meiðandi né móðgandi fyrir áfrýjanda, og þar sem í greininni stendur um hann, að hann hljóti þá að vera »ferfættur«, þá á þetta að eins að vera tyndni, sem ekki getur álitist móðgandi fyrir áfrýjanda, þar sem það að eins á að tákna fjóra verustaði hans, Bessastaði, Reykjavík, Kaupmannahöfn og Ísafjörð.

Samkvæmt framansögðu verður því að sýkna stefnda af kærum og kröfum áfrýjanda, og með því yfirdómurinn felst einnig á málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er skal ákveðinn 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjandi dómi skal óraskað.

Áfrýjandi Skúli Thoroddsen greiði stefnda Kristjáni H. Jónssyni 15 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.